Tillögur Hrollaugs til 28. aðalfundar LS samþykktar á aðalfundi félagsins 27. september 2012

- Aðalfundur Hrollaugs óskar eftir því að LS. Beiti sér að fullum þunga að láta opna reglugerðar hólf fyrir línuveiðum út af Suðausturlandi.(svo kölluð keiluhólf)

  Greinargerð: Óvíða umhverfis landið eru jafn stór svæði lokuð línuveiðum og fyrir suðausturlandi í yfirskyni þess að verið sé að friða keilu. Lokanir þessar eru farnar að hamla líniveiðum á þessu svæði verulega. Innan hólfanna eru góð mið bæði þorsks og ýsu og keila í minnihluta aflans..

- Aðalfundur Hrollaugs leggur til að hámarkslengd krókabáta verði 14,99 m og stærð þeirra undir 30 brt.

  Greinagerð: Bátarnir verði rúmbetri fyrir mannskapinn
  Bátarnir verði öruggari á öllum sviðum
  Réttindamál smábátasjómanna eru miðuð við 30 brt
  Stækkun mun auðvelda krókabátum að uppfylla væntanlega reglugerð frá Mast, þar sem heimilt verður að dæma afla ónýtan sé hitastig hans hærra en 4°C.

- Makrílveiðar
  LS hafi það sem forgangsatriði að fá viðurkennt að makrílpottur sem er ætlaður til línu og handfæra verði stækkaður í 20.000 tonn

  Greinargerð: Makrílveiðar á handfæri hafa verið stundaðar á tilraunarstigi í nokkur ár. Á sl. sumri stunduðu 17 bátar veiðar með góðum árangri. Ljóst er að mjög hagkvæmt er að veiða makríl á handfæri miðað við önnur veiðarfæri.
  Gríðarlegur áhugi er fyrir þessum veiðum og margir hafa hug á þeim næsta sumar samtímis sem kaupendum af krókaveiddum makríl fer fjölgandi.
  Ef fer sem horfir er ljóst að 845 tonna pottur, sem var í sumar, dugar engan vegin fyrir þann flota sem hyggst stunda veiðar mæsta sumar.
  Margvísleg rök eru fyrir makrílveiðum á handfæri, svo sem:
  - Umhverfisvænar veiðar,
  - hágæðahráefni,
  - atvinnuskapandi,
  - afla mikillar þekkingar um göngur makríls á grunnslóð umhverfis Ísland.

- **Línuívilnun** nái til allra dagróðrabáta óháð beitningaraðferð.

  Greinargerð: Forðast ber reglur sem halda aftur af eðlilegri þróun og leiða til stöðnunar í greininni.

- Aðalfundur Hrollaugs leggur til að aflamagn til strandveiða verði takmarkað af eftirfarandi þáttum:

  1. eigandi verður að vera um borð.
  2. hámarksfjöldi handfærarúlla fjórar.
  3. svæðisskipting með óbreyttum hætti.
  4. heimilt að veiða fjóra daga í viku - mánudaga til fimmtudags.
  5. hámarksafli í veiðiferð 650 þorskígildi
  6. hámarkslengd veiðiferðar 14 klukkustundir.

Stjórn Hrollaugs.

Arnar Þór Ragnarsson formaður
Unnsteinn Þráinsson ritari
Ómar Fransson gjaldkeri